



## Reglur Ísafjarðarbæjar um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka

### 1. gr.

#### Almennt

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi og mannúðarstörf.

Ákveði bæjarstjórn að veita styrki samkvæmt reglum þessum skal gera ráð fyrir fjármagni vegna þess við gerð fjárhagsáætlunar Ísafjarðarbæjar og á viðkomandi málaflokk.

### 2. gr.

#### Styrkhæfi

Rétt til styrks eiga félög og félagasamtök sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- Að vera skráður eigandi fasteignar í Ísafjarðarbæ.
- Að það húsnæði sem sótt er um styrk vegna sé nýtt fyrir starfsemi félagsins.
- Að starfa á sviði menningar-, íþrótt-, tómstunda- eða góðgerðarmála og/eða mannúðarstarfa, og eru rekin í almannabágu eða í þágu æskulýðs. Um mannúðarsamtök gildir að góðgerðarstarfsemi verður að mestu að vera unnin í sjálfboðavinnu félagsmanna og ná út fyrir raðir þeirra, s.s. í formi styrkja, gjafa eða stuðnings fyrir almannuheill og samfélagið.
- Að starfsemin sé ekki rekin í ágóðaskyni. Þó er heimilt að innheimta tímabundnar tekjur fyrir notkun húsnæðisins, ef þær tekjur eru eingöngu nýttar til reksturs húsnæðisins.
- Að starfsemin njóta ekki samningsbundinna rekstrarstyrkja frá Ísafjarðarbæ eða ígildi þeirra.

### 3. gr.

#### Styrkfjárhæð

Styrkur til greiðslu fasteignaskatts skal nema álögðum fasteignaskatti, þó að hámarki kr. 130.000 á ári.

Eigi félag, sem uppfyllir skilyrði fyrir styrkhæfi, hluta af eign, skal fjárhæð styrksins miðast við eignarhluta þess.

Sé fasteign félags jafnframt notuð til annars en fram kemur í c. lið 2. gr., svo sem til veitinga- eða verslunarreksturs, eða til íbúðar fyrir aðra en húsverði, skal fjárhæð styrksins ákvörðuð í réttu hlutfalli við styrkhæfa starfsemi í húsinu miðað við virka notkun þess.

Sé húsnæðið eða hluti þess leigt út tímabundið eða hluti þess í fastri útleigu skal styrkveiting takmarkast hlutfallslega sem því nemur.

#### **4. gr.**

#### **Auglýsing**

Auglýst skal eftir styrkjum samkvæmt reglum þessum í upphafi hvers árs á vefsíðu sveitarfélagsins og skal í auglýsingu tilgreina tveggja vikna frest hið minnsta.

#### **5. gr.**

#### **Umsóknir**

Sækja skal um styrk til greiðslu fasteignaskatts í gegnum þjónustugátt á vefsíðu sveitarfélagsins.

Með umsóknum skal fylgja:

- a) Nýjasti ársreikningur félagsins.
- b) Lög eða samþykkir viðkomandi félags, þar sem m.a. koma fram markmið þess.
- c) Stutt greinargerð um starfsemi félagsins og ráðstöfun styrkja síðastliðins rekstrarárs.

#### **6. gr.**

#### **Málsmeðferð**

Ákvörðun um styrkveitingu skal fara fram í bæjarráði Ísafjarðarbæjar, og að teknu tilliti til fjárhagsáætlunar ársins.

Bæjarráði er heimilt að óska frekari gagna með umsókn ef talið er að slíkt kunni að vera nauðsynlegt við mat á umsókn.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu umsóknar, en niðurstaða skal alla jafna liggja fyrir innan mánaðar frá lokum umsóknarfrests. Veittur styrkur skal færður til lækkunar á álöögðum fasteignaskatti umsækjanda við samþykki umsóknar.

Rísi ágreiningur um túlkun reglna eða afgreiðslu mála skal málínu vísað til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

Aðili sem fengið hefur höfnun á styrkbeiðni eða skerðingu styrkfjárhæðar getur óskað endurupptöku máls skv. 24.gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, ef hann telur ákvörðun hafa byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik, eða að íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hafi byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Endurupptöku skal óskað innan 14 daga frá tilkynningu um afgreiðslu umsóknar.

#### **7. gr.**

#### **Lagatilvísun**

Reglur þessar eru settar með vísan til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga.

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um styrki til félaga og félagasamtaka til greiðslu fasteignaskatts skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, samþykktar af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 6. desember 2018.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 18. apríl 2023.